

Sveitarfélagið Hornafjörður
Skipulagsstjóri
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík 17. ágúst 2018
UST201806-084/K.S.J.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag - Útbær Óslands – Höfn í Hornafirði

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Hornafjarðarbæjar er barst 5. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðirnar D, E og F við Óslandsveg á Höfn.

Göngustígur milli byggingarreita D og E

Að mati Umhverfisstofnunar er missir að því að göngustígur milli lóða D og E fellur út. Að mati stofnunarinnar missir svæðið hluta af útivistargildi sínu við breytinguna.


Hæð bygginga


Í tillögu að breytingu kemur fram að breytingin felst í því að möguleiki verður á að sameina lóðirnar D, E og F eftir breytingu. Einnig er tillaga um að hækka áætlaðar byggingar úr því að skilmálar gera ráð fyrir að bygging/byggingar verði hæstar 7,5 m og vegghæð 6,0 m í það að leyfa efstu hæð bygginga 9,5 m og vegghæð frá neðsta gólfi 8m. Umhverfisstofnun bendir á að hér er um að ræða 2 m hækkun bæði á vegghæð og efstu hæða á þaki. Að mati stofnunarinnar er ekki þörf á svo mikilli hæð á tveggja hæða húsi og einnig munu sjónræn áhrif verða meiri af ofangreindum byggingum. Að mati stofnunarinnar eru hæðir í gildandi deiliskipulagi hæfilegar fyrir tveggja hæða byggingu.

Byggingarmagn

Umhverfisstofnun bendir á að áætlaðar breytingar gera ráð fyrir stækkun bygginga, þ.e. byggingarmagn eykst úr 2700 m² og verður skv. nýrri tillögu alls 4550 m². Umhverfisstofnun bendir á að skipulag lóðanna verður mjög breytt ef tillagan nær fram að ganga, byggingar verða hærri og umfangsmeiri og áhrif s.s. sjónræn áhrif verða meiri.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur